



Ávarp stjórnar- formanns



Kæru hluthafar og aðrir gestir

Árið 2024 var viðburðaríkt hjá Íslandsbanka líkt og í íslensku efnahagslífi í heild sinni. Bankinn sýndi styrk sinn með því að laga sig að breytilegum aðstæðum, sem hefur skilað sér í ávinningi fyrir bæði hluthafa og viðskiptavinum.

Við horfum nú fram á bjartari efnahagshorfur og er einkar ánægjulegt að sjá að verðbólga hefur farið lækkandi líkt og stýrivextir. Það er mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að halda áfram að vinna ötullega að því að draga úr verðbólgu og styðja við stöðugan efnahag til lengri tíma. Við höfum lagt áherslu á að stíga ölduna með viðskiptavinum bankans og horfum björtum augum á árið 2025 og tækifærin sem þar bíða.

Góð staða bankans og fjárhagsleg heilsa

Íslandsbanki stendur á traustum grunni og hefur nú verið hreyfiafl í íslensku samfélagi í 150 ár. Bankinn hefur á þessum tíma vaxið með bæði innri og ytri vexti og við sjáum tækifæri til áframhaldandi arðbærs vaxtar. Í lok síðasta árs kynntum við skýra stefnu þar sem áhersla er lögð á arðsemi, framsækni, þjónustu og upplifun viðskiptavina. Fjárhagsleg heilsa viðskiptavina okkar er í öndvegi, því hún er lykillinn að stöðugleika og velsæld, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Framsækni, sem er nýtt gildi bankans, gegnir lykilhlutverki í nýrri stefnu. Í heimi þar sem heimsmyndin breytist hraðar en nokkru sinni fyrr, er nauðsynlegt að vera skrefinu á undan, hafa hugrekki til að sækja fram, þróa starfsemi bankans og persónulega

hæfni, og finna nýjar leiðir til að bæta bæði rekstur okkar og þá þjónustu sem við veitum. Á síðasta ári tókum við góð skref með nýju þjónustuframboði og nýttum gervigreind til að efla innri og ytri þjónustu og við ætlum nú að leggja enn meiri áherslu á framsækni sem leiðarljós í allri uppbyggingarvinnu bankans. Við teljum að Íslandsbanki sé með gríðarlega sterkan grunn, öfluga innviði, starfsfólk og þekkingu. Það eru því ótal tækifæri sem við erum spennt að grípa til að nýta þessi verðmæti bankans á framsækinn hátt.

Áskoranir á árinu

Það eru margir þættir sem hafa áhrif á efnahag okkar Íslendinga og fjárhag fyrirtækja og heimila. Síðastliðið ár einkenndist af óvissu á alþjóðavettvangi þar sem átök og ófriður víða um heim hafa einnig haft tilfinnanleg efnahagsleg áhrif hér á landi. Þá eru nú blikur á lofti varðandi mögulega tollamúra sem nýr forseti Bandaríkjanna áformar að reisa, sem gætu leitt til verðhækkana og hægt á efnahagsbata. Það verður áskoran að berjast við verðbólgu þegar tollamúrar eru boðaðir hjá okkar helstu viðskiptaþjóðum. Staðan er því afar viðkvæm því Ísland er ekki eyland þegar horft er á hagkerfi heimsins.

Hér heima héldu náttúruöflin áfram að setja mark sitt á árið. Eldsumbrotin á Reykjanesskaga hafa reynt á Grindvíkinga sem hafa sýnt ótrúlegt þol og þrautseigju við þessar erfiðu aðstæður. Íslandsbanki tók virkan þátt, með stjórnvöldum og öðrum bankastofnunum, í stofnun Fasteignafélagsins Þórkötlum, í viðleitni til að finna lausn á húsnæðis-

vanda Grindvíkinga. Við höfum að auki lagt áherslu á að styðja með beinum hætti við bakið á okkar góðu viðskiptavinum í bæjarfélaginu.

Þótt innviðir á Reykjanesi hafi blessunarlega staðið af sér þessar hamfarir, þá er ljóst að eldsumbrotin höfðu töluverð áhrif á ferðaþjónustu. Þessar hamfarir, hátt verðlag og aukin óvissa í heims-málunum hafa þannig skapað mikla óvissu fyrir þessa mikilvægu undirstöðuatvinnugrein í íslensku efnahagslífi.

Sterkari innviðir og nýir vaxtarmöguleikar

Uppbygging innviða eru eitt af stóru verkefnum sem bíða íslensks samfélags, og Íslandsbanki hefur þegar kallað eftir breiðu samtali um innviðauppbyggingu, til að tryggja að við getum nýtt mikilvæg arðbær tækifæri samfélagsins okkar til framtíðar. Reynir þar á öflugt samstarf hins opinbera og einkaaðila. Íslandsbanki hefur tekið virkan þátt í að halda þeirri umræðu á lofti með fundum og útgáfu greiningarefnis en þar hefur komið fram að nýfjárfestingar í innviðum hér á landi geta hæglega numið 1.250 milljörðum á næsta áratug. Íslandsbanki býr yfir mikilli og verðmætri reynslu á sviði innviða og hefur byggt upp sérhæft innviðateymi, sem hefur tekið þátt í fjármögnun stærri verkefna erlendis, og er í einstakri stöðu að nýta þá reynslu í innviðaverkefni hér innanlands. Íslandsbanki ætlar að vera leiðandi í þeirri vegferð og vera með þeim hætti hreyfiafl til góðra verka.

Ákall um sanngjarnt rekstrarumhverfi

Rekstur banka og fjármálafyrirtækja á Íslandi er í mörgu ólíkur því sem gerist annars staðar, ekki síst vegna hærri eiginfjárfrafnna, sértækra skatta og gjalda. Það blasir við að þegar íslenskir bankar búa við eiginfjárfrafnu sem nemur 10–13% af heildareignum, samanborið við 3,0–3,5% á hinum Norðurlöndunum þá eykur það kostnað við lánveitingar og veikir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum.

Skýrslan „Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi“ sem unnin var fyrir Samtök fjármálafyrirtækja staðfestir að nefnt „Íslandsálág“ getur hækkað útlánvexti til viðskiptavina um meira en eitt prósentustig.

Það er samhljómur um það innan og utan fjármálageirans að kerfislega mikilvægu bankarnir þurfa að vera fjárhagslega sterkir bæði hvað varðar efnahag og lausafé. Það hefur hins vegar ekki verið greint eða skilgreint hvað fjárhagslegur styrkleiki þýðir í þessu samhengi, né heldur hvað við erum sem þjóð tilbúin að greiða fyrir hann. Þá hefur Seðlabankinn, sem verður tíðrætt um þörfina fyrir sterkt bankakerfi og tekur einhliða ákvarðanir um þessar kröfur heldur ekki verið krafinn um nánari skýringar, það er mjög mikilvægt að þessi umræða sé tekin. Ef litið er til efnahags stóru bankanna þá er ljóst að þetta býr til miklar álögur fyrir íslensk fyrirtæki og heimili og dregur úr samkeppnishæfni landsins.

Þegar við berum saman skattlagningu á íslenskt bankakerfi við önnur Evrópulönd kemur í ljós að hún er afar há. Íslenskir bankar greiða að jafnaði tvöfalt til þrefalt hærri skattgreiðslur sem hlutfall af áhæt-

tuvegnum eignum en bankar í Evrópusambandinu og á Norðurlöndunum.

Hér á landi eru lagðir á þrír sértækir skattar – bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur – auk annarra sértækra gjalda. Þessir skattar leggjast á skuldir, laun og hagnað fjármálafyrirtækja og gera rekstrarumhverfi bankanna hér á landi umtalsvert þyngra en í nágrannalöndunum. Þetta er mikilvægur þáttur í umræðunni um framtíð fjármálakerfisins og samkeppnishæfni þess.

Það er því brýnt að endurskoða skilyrði og skattumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja til að þau geti keppt á jafnræðisgrunni við erlend fyrirtæki. Við trúum að betra jafnvægi í rekstrarumhverfinu geri okkur kleift að bjóða hagstæðari kjör sem nýtast bæði heimilum og fyrirtækjum.

Horft fram á við í breyttu vaxtaumhverfi

Lækkandi stýrivextir eru fagnaðarefni, en lækkun stýrivaxta felur einnig í sér nauðsyn þess að bankarnir haldi vel utan um áhættu og samspil verðtryggðra og óverðtryggðra lána. Svonefndur „verðtryggingarójöfnuður“ hefur valdið nokkrum sveiflum í vöxtum milli lánaflokka, en við búumst við að í framhaldinu muni lækkandi vextir leiða til betra jafnvægis.

Á nýju ári mun Íslandsbanki halda áfram að fylgjast vel með þessu samspili og tryggja að viðskiptavinir geti tekið upplýstar ákvarðanir með aukinni fræðslu og viðeigandi ráðgjöf og þjónustu. Helsta markmið okkar er að styðja viðskiptavinum okkar í að byggja upp betri fjárhagsstöðu – hvort sem það er með sparnaði, greiðsluþöfnun eða enn frekari fræðslu,

upplýsingagjöf eða ráðgjöf – og stuðla þannig að bættri fjárhagslegri heilsu okkar viðskiptavina.

Sóknar- og varnarleikur – að finna rétta jafnvægið

Íslandsbanki hefur á liðnu ári tekið afgerandi skref í að styrkja varnir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka. Við höfum forgangsraðað málaflokknum hjá stjórn og stjórnendum bankans, og til að mynda fjárfest í nýjum tæknilausnum og bætt skipulag, stjórnarhætti og verklag. Við lítum svo á að reglubundin endurskoðun og stöðugar úrbætur séu lykilþættir í að tryggja traust til bankans, enda er það traust ómetanlegt fyrir bæði bankann og viðskiptavinum hans.

Sterkur efnahagur og sterk eiginfjárstaða Íslandsbanka opna einnig dyr að nýjum og spennandi tækifærum. Nú þegar afnám eða endurskoðun á hærri eiginfjárfrafnu er til umræðu gæti það stutt enn frekar vaxtarmöguleika okkar, bæði með ytri og innri vexti.

Við sjáum brýna þörf á samþættingu á íslenskum fjármálamarkaði og viljum vera leiðandi í þeirri vegferð, enda sjáum við óteljandi tækifæri á því sviði sem getur skilað viðskiptavinum betri kjörum, aukinni skilvirkni, betra vöruúrvali og betri þjónustu. Í febrúar síðastliðnum barst stjórn Íslandsbanka bréf frá bankastjóra og stjórnarformanni Arion banka þar sem óskað var eftir því að bankarnir hæfu samruna-viðræður.

Eftir vandlega yfirferð var það niðurstaða stjórnar að afþakka þetta boð. Íslandsbanki hefur á undanförnum misserum markað sér skýra stefnu þar sem lögð er áhersla á arðsemi, framsækni, þjónustu og upplifun viðskiptavina. Við höfum horft til innri- og

ytri vaxtartækifæra sem styðja við stefnu bankans og stöðugt er unnið að því að auka skilvirkni og hagræðingu í rekstri bankans sem mun skila sér til viðskiptavina og hluthafa. Eigið fé bankans er töluvert umfram markmið, sem einmitt veitir tækifæri til arðbærs vaxtar. Enn fremur töldum við í stjórn bankans það vera mikið hagsmunamál fyrir alla hluthafa Íslandsbanka að það söluferli, sem fram undan er á eignarhlut ríkisins í bankanum, gangi greiðlega fyrir sig.

Þó svo að stjórnin hafi verið sammála um þau sjónarmið sem fram komu í bréfi Arion banka varðandi mögulegt hagræði sem hlotist gæti af samruna á innlendum bankamarkaði, þá var það mat stjórnar að harla ólíklegt hlyti að teljast að slíkur samruni fengist samþykktur af Samkeppnis-eftirlitinu við núverandi aðstæður, nema gegn afar ströngum og íþyngjandi skilyrðum.

Að því sögðu, mun Íslandsbanki hins vegar leitast eftir samtali á næstu misserum við stjórnvöld, Seðlabanka Íslands og aðra hagaðila um það hvernig auka megi samstarf um innviði fjármálakerfisins og ná þannig fram hagræðingu til hagbóta fyrir viðskiptavini og hluthafa og á sama tíma efla samkeppni á fjármálamarkaði. Við sjáum fjölmörg tækifæri á þessu sviði og vonum að viðkomandi aðilar taki vel í málaleitan okkar.

Hluti af stefnu bankans á komandi árum verður að vaxa með arðbærum innri og ytri vexti og höfum við skýr áform um að nýta eigið fé bankans betur og hlökkum til að sýna það í verki.

Framtíðareignarhald og áframhaldandi uppbygging

Um miðjan mars síðastliðinn mælti fjármála- og efnahagsráðherra fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um ráðstöfun á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka. Málið hafði tafist vegna þingkosninga og stjórnarmyndunar undir lok síðasta árs, en það er mjög ánægjulegt að ný ríkisstjórn skuli hafa sett þetta mál í forgang. Í frumvarpinu, sem nú er komið til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd, eru lagðar til breytingar sem fela í sér þriðju tilboðsbókina með það að markmiði að tryggja aðkomu allra fjárfestahópa og auka líkur á virkari þátttöku stærri fjárfesta, án þess að gengið verði á forgang almennings. Íslandsbanki mun gera allt sem í sínu valdi stendur til þess að aðstoða ríkið við að salan gangi vel enda hagsmunamál fyrir alla hluthafa og aðra haghafa bankans.

Við höldum áfram á okkar sóknarvegferð og erum gríðarlega spennt að takast á við þær áskoranir og tækifæri sem breytt eignarhald getur falið í sér. Reynslan sýnir að slíkar breytingar geta reynst aflvaki nýsköpunar og aukinnar skilvirkni, kveikt frumkvæði og skapað tækifæri til frekari vaxtar. Ég finn og veit að stjórn og starfsfólk bankans hafa beðið eftir þeirri vegferð og eru sannarlega reiðubúin í hana.

Íslandsbanki er í sókn. Bankinn er í dag stærsti fjárfestingarbanki landsins, leiðandi á fyrirtækjamarkaði og með sterka stöðu á einstaklingsmarkaði.

Til að vera samkeppnishæf um starfsfólk á fjármálamarkaði og til að hafa á að skipa besta liðinu, hefur stjórn bankans hafið undirbúningsvinnu um uppsetningu hvatakerfis fyrir allt starfsfólk. Við höfum átt góð samtöl við stærstu hluthafa bankans að

undanfögnu og munum halda því áfram næstu vikurnar. Stefnt er að því að bera upp tillögur til hluthafa á næstu mánuðum. Með þessu vill stjórnin ná að tengja saman hagsmuni hluthafa og starfsfólks með langtíma hagsmuni að leiðarljósi, að draga úr þrýstingi á hækkun fastra launa og þannig minnka sveiflur í afkomu og gera Íslandsbanka kleift að bjóða upp á samkeppnishæf starfskjör.

Þakkar til starfsfólks og horft björtum augum til næstu skrefa

Það gleður mig að fá tækifæri til að þakka stjórn og starfsfólki Íslandsbanka fyrir frábæra vinnu á árinu sem leið. Þessir tæpu 20 mánuðir frá því ég settist í stjórn Íslandsbanka hafa verið gríðarlega lærdómsríkir og virkilega skemmtilegur tími, enda hvert sem maður lítur þá býr bankinn yfir frábæru fólki með gríðarlegri mikla þekkingu, reynslu, metnað og frjóar hugmyndir. Framlag hvers og eins er kjarni þess að okkur gengur vel og hvert og eitt okkar skiptir máli en krafturinn kemur frá besta liðinu.

Það hefur einnig verið frábært samstarf innan stjórnarinnar og mikill metnaður meðal stjórnarfólks um að gera betur í dag en í gær og ná þannig að halda áfram að bæta og styrkja bankann á okkar vegferð. Við sjáum fjöldann allan af spennandi tækifærum sem við viljum beita okkur fyrir á næstu misserum. Það er okkur heiður að fá að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að efla íslenskt samfélag og byggja upp sterkara efnahagsumhverfi og við þökkum það traust sem hluthafar hafa sýnt okkur.

Á árinu 2024 mörkuðum við skýra stefnu sem snýst um öflugan rekstur, aukna framsækni og sérsniðna þjónustu sem styður fjárhagslega heilsu fólks og fyrirtækja. Það er einlægt markmið okkar að vera hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu, þannig að

allir njóti góðs af – hluthafar, viðskiptavinir og samfélagið í heild sinni.

Það eru klárlega áskoranir í starfsumhverfi okkar, en við horfum engu að síður fram á sérstaklega spennandi tíma. Með framsækni, fagmennsku og samvinnu er ég sannfærð um að við munum eflast og vaxa, og takast á við verkefnin framundan af krafti. Það er okkar, stjórnar og starfsfólks að umbreyta þeim áskorunum sem við okkur blasa í tækifæri til vaxtar.

Ég þakka ykkur öllum fyrir komuna í dag og hlakka til að vinna með ykkur að áframhaldandi sókn og uppbyggingu Íslandsbanka. Það er tilhlökkunarefni að halda inn í komandi rekstrarár þar sem við, hvert og eitt – besta liðið, tökumst á við bæði áskoranir og tækifæri af fullum krafti og látum verkin tala.

Takk kærlega fyrir.